

Aukaaðalfundur 22. júní 2017

Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum

1. Meðferð samkomulagsbóta frá VÍS

Ný grein, 19.14, orðist þannig:

19.14 Áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega miðað við 1. september 2009 skulu hækkuð um 1,42%. Mánaðarlegur lífeyrir lífeyrisþega sem greiddur hefur verið frá 1. september 2009 skal endurreiknaður og inneign sem myndast hefur fram að gildistöku samþykktu þessara greidd út. Á sama hátt skal farið með maka- og barnalífeyri sjóðfélaga sem látist hefur.

Greinargerð:

Eins og kunnugt er náðust sættir í máli Lífsverks lífeyrissjóðs gegn VÍS og fyrrum stjórnendum sjóðsins, vegna fjárfestinga sem stjórnendurnir tóku ákvarðanir um á árinu 2008. Stjórn Lífsverks fór fram á bætur í samræmi við gildandi stjórnendatryggingu milli aðilanna á þeim forsendum að um hefði verið að ræða fjárfestingar sem stönguðust á við þær fjárfestingarheimildir sem lífeyrissjóðir hefðu samkvæmt lögum. Í apríl í fyrra féll dómur Héraðsdóms Reykjavíkur á þann veg að fallist var að stærstum hluta til á kröfu Lífsverks.

VÍS áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og stóð til að taka málið fyrir 13. mars. Áður en til þess kom náðist samkomulag þess efnis að VÍS greiddi Lífsverki 835 milljónir króna með eingreiðslu og töldust það fullar sættir í málinu bæði hvað varðar tryggingafélagið og fyrrum stjórnendur sjóðsins.

Ljóst er að þær samkomulagsbætur sem sjóðnum hafa nú verið greiddar eru tilkomnar vegna fjárfestinga á árinu 2008. Stjórn sjóðsins telur réttlætismál að sú skerðing lífeyrisréttinda sem sjóðfélagar þurftu að una í kjölfarið gangi nú að hluta til baka. Þann 1. september 2009 voru réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega skert um 10%. Í tillögu stjórnar er miðað við að skerðingin 2009 verði tekin til baka um 12,8% sem jafngildir því að réttindi miðað við sama tímamark verði aukin að nýju um 1,42%. Jafnframt verði lífeyrir sem greiddur hefur verið frá 1. september 2009 endurreiknaður frá þessu tímamarki og nái til sjóðfélaga og maka sem eru á lífi við lok árs 2016. Uppbætur á lífeyri verða reiknaðar verðtryggt en án vaxta. Heildarfjárhæð réttindaaukningar er 795 milljónir króna sem samsvarar þeim samkomulagsbótum sem greiddar voru til sjóðsins að frádregnum kostnaði við málareksturinn.

2. Ákvæði kjarasamninga um aukið mótframlag og tilgreinda séreign

Nýr texti auðkenndur með undirstrikun en yfirstrikaður texti fellur út.

a. Breyting á gr. 2.3.:

2.3 Lífeyrissjóðurinn starfar í þremur deildum, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Sjóðurinn veitir samþætt lífeyrisréttindi á grundvelli iðgjalds sem skiptist milli samtryggingar- og séreignardeilda sjóðsins. Til séreignardeildar greiðast ennfremur viðbótariðgjöld skv. ákvörðun sjóðfélaga.

b. Breytingar á 20. gr. um séreignardeild:

20. gr. Séreignardeild

20.1 Lífsverk lífeyrissjóður starfrækir séreignardeild sem tekur við iðgjöldum umfram 10% af iðgjaldsstofni og iðgjöldum til viðbótartryggingarverndar og séreignarsparnaðar, sbr. lög nr. 129/1997. Stjórn lífeyrissjóðsins fer með stjórn séreignardeildarinnar.

20.2 Af iðgjaldsstofni lögbundnu lágmarksiðgjaldi sjóðfélaga skv. 4. gr. skulu 10% renna til samtryggingardeildar en það sem umfram er renna 2/12 hlutar til séreignardeildar án sérstakrar umsóknar þar um enda hafi sjóðfélaginn ekki óskað þess skriflega að stærri hluti eða allt iðgjald hans gangi til samtryggingardeildar eða tilgreindrar séreignardeildar. Þeir sem vilja standa að viðbótarlífeyrissparnaði og greiða til séreignardeildarinnar umfram þetta skulu undirrita samning þess efnis og senda hann til sjóðsins. Felst í samningnum yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum Lífsverks lífeyrissjóðs. Hver sá sem greiðir iðgjald til séreignardeildarinnar verður réttthafi í henni.

20.4 Varðveisla og ávöxtun iðgjalda séreignardeildarinnar skal vera fjárhagslega aðskilin frá samtryggingareignardeildinni. Varðveislu og ávöxtun séreignar skv. gr. 20.2 skal afmarka sérstaklega innan sparnaðarleiða séreignardeildarinnar. Stjórn sjóðsins mótar sér fjárfestingarstefnu fyrir séreignardeildina í samræmi við lög nr. 129/1997. Stjórn sjóðsins er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka sparnaðarleið séreignardeildarinnar.

20.11. Rekstur séreignardeildarinnar er fjárhagslega aðskilinn rekstri samtryggingardeildar sjóðsins. Sameiginlegum kostnaði skal skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti milli rekstrarþátta deilda sjóðsins.

c. Ný gr. 21 um tilgreinda séreignardeild:

21. gr. Tilgreind séreignardeild

21.1 Sjóðfélagi er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldsstofni skv. 4. gr. í tilgreinda séreignardeild sjóðsins, enda sé gert ráð fyrir því í kjara- eða ráðningarsamningi. Stjórn lífeyrissjóðsins fer með stjórn tilgreindu séreignardeildarinnar.

21.2 Þeir sem óska eftir aðild að tilgreindri séreignardeild skulu tilkynna það til sjóðsins með sannanlegum hætti eftir þeim reglum sem sjóðurinn setur og í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða. Sjóðfélagar geta með sama hætti tilkynnt um að þeir óski þess að láta af greiðslum til tilgreindrar séreignardeildar.

21.3 Iðgjöld sem greidd eru til tilgreindu séreignardeildarinnar skulu vera séreign þess réttthafa er greiðir og tilgreind á sérstökum reikningi hans. Réttthafi nýtur hlutdeildar í afkomu sjóðsins að tiltölu m.v. eignarhlut hans í viðkomandi séreignarleið.

21.4 Varðveisla og ávöxtun tilgreindrar séreignar skal vera fjárhagslega aðskilin frá samtryggingardeildinni og skal afmarka sérstaklega innan sparnaðarleiða séreignardeildarinnar.

21.5 Heimilt er réttþafa að hefja úttekt tilgreindrar séreignar við 62 ára aldur og skulu greiðslur þá dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri. Óski réttþafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef inneign er lægri en 500.000 kr. Upphæðin skal breytast árlega í hlutfalli við vísitölu neysluverðs, miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

21.6 Verði réttþafi öryrki og orkutapið, sem hann verður fyrir er 100%, á hann rétt á að fá tilgreindan séreignarsparnað og vexti greidda út með föstum mánaðarlegum greiðslum á sjö árum. Ef örorkuprósentan er lægri en 100% lækkar mánaðarleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

Heimilt er að hafa styttri útborgunartíma eða greiða tilgreindan séreignarsparnað ásamt vöxtum með eingreiðslu þegar um lægri inneign en 500.000 kr. er að ræða. Upphæðin skal breytast árlega í hlutfalli við vísitölu neysluverðs, miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

21.7 Deyi réttþafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Heimilt er að greiða hlut erfingja hvort heldur sem er með eingreiðslu eða jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Láti réttþafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málslíð 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

21.8 Með jöfnum mánaðarlegum greiðslum í greinum 21.6 og 21.7 er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðslumánaða þannig að réttþafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

21.9 Rekstur tilgreindu séreignardeildarinnar er fjárhagslega aðskilinn rekstri samtryggingardeildar sjóðsins. Sameiginlegum kostnaði skal skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti milli rekstrarþátta deilda sjóðsins.

21.10 Samningi er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef réttþafi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til sjóðsins, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til tilgreindu séreignardeildarinnar. Uppsögn samnings um tilgreindan séreignarsparnað veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda. Réttþafa er heimilt að flytja inneign sína eða réttindi sín, að undangenginni uppsögn, milli vörsluaðila skv. 3 mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, gegn greiðslu kostnaðar.

21.11 Um heimild til endurgreiðslu tilgreinds séreignarsparnaðar til erlendra ríkisborgara gilda ákvæði 12. gr.

21.12 Rétthöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum í tilgreindri séreignardeild. Þó er heimilt að gera samkomulag skv. 1.-3. t. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skiptingu réttindanna milli réttþafa og maka hans.

d. Ný númer á nógildandi gr. 21 og 22 sem verða gr. 22 og 23:

22. gr. Breytingar á samþykktum

22.1 Til breytinga á samþykktum þessum þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi eða samþykki með einföldum meirihluta á tveimur aðalfundum í röð.

22.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum án þess að bera þær undir aðalfund ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Stjórnin skal gera sjóðfélögum grein fyrir breytingunum á næsta aðalfundi á eftir.

23. gr. Gildistaka

23.1 Samþykktir þessar gilda frá fyrsta mánaðardegi næsta mánaðar eftir staðfestingu hlutaðeigandi ráðuneytis.

Greinargerð:

Í kjarasamningi ASÍ og SA frá 21. janúar 2016 var kveðið á um að mótframlag launagreiðenda á almennum markaði í lífeyrissjóð myndi hækka í áföngum, úr 8% í 11,5% og að launagreiðendur gætu ráðstafað því iðgjaldi sem umfram er lögbundið lágmark í bundinn séreignarsparnað til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar séu þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum lífeyrissparnaði. Þetta form séreignarsparnaðar hefur fengið heitið „tilgreind séreign“ og er sjóðfélaga heimilt að hefja útgreiðslu hennar allt að fimm árum fyrir almennan lífeyristökualdur þegar taka ævilangs ellilífeyris hefst og skulu greiðslur að lágmarki dreifast til þess tíma. Þetta er helsti munurinn á „tilgreindri séreign“ og öðrum séreignarsparnaði, sem taka má út við 60 ára aldur og í einu lagi ef því er að skipta.

Vegna góðrar réttindaávinnslu sjóðfélaga hjá Lífsverki hefur verið nægjanlegt að 10% af iðgjaldsstofni renni til samtryggingardeildar til þess að sjóðfélagar njóti lágmarkstryggingarverndar samkvæmt lögum en það sem umfram er fari til séreignardeildar. Í samþykktum er miðað við lögbundið 12% iðgjald og kveðið á um að 2/12 hlutar geti runnið til séreignardeildar. Þessu þarf að breyta í ljósi þess að iðgjöld á almennum markaði hækka úr 12% í 15,5% í áföngum til 1. júlí 2018.

Stjórn sjóðsins leggur til að að skylduiðgjald sjóðfélaga umfram 10% af iðgjaldsstofni renni til séreignar sjóðfélagens, sem er sami háttur og hafður hefur verið á til þessa og nefnt hefur verið „blönduð leið“ í kynningarefni sjóðsins. Ef sjóðfélagi óskar þess að allt iðgjaldið umfram 10% eða hluti þess verði ráðstafað í samtryggingu þarf hann að tilkynna sjóðnum það sérstaklega en þetta er engin breyting frá því sem verið hefur.

Hins vegar geti sjóðfélagar valkvætt ráðstafað allt að 3,5% af iðgjaldsstofni í „tilgreinda séreign“ enda sé gert ráð fyrir því í kjara- eða ráðningarsamningi. Þessi tegund séreignar er skýrt afmökuð í breytingartillögum við samþykktir sjóðsins með sérstökum kafla. Þannig er komið til móts við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og búið í haginn fyrir hugsanlegum lagabreytingum. Með því að bæta við kafla um „tilgreinda séreign“ er einnig opnað fyrir möguleika Lífsverks að taka við flutningi samskonar réttinda frá öðrum sjóðum.

Í þessu sambandi eru gerðar tillögur til breytinga á grein 2.3., þar sem kveðið verður á um að lífeyrissjóðurinn starfi í þremur deildum, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Breytingar eru gerðar á 20. gr. um séreignardeild og nýrri 21. gr. bætt við, sem fjallar um tilgreinda séreign. Greinar 21 og 22 í nógildandi samþykktum verða greinar 22 og 23.

3. Aðrar breytingar

a. Breyting á 2. gr. um hlutverk sjóðsins

2.1 Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku iðgjaldi sjóðfélaga og ávaxta það ásamt því að greiða sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og ~~eftirlátum-eftirlifandi~~ mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka þessara.

Hér er lagt til að orðalagi sé breytt til samræmis við nútímamál.

b. Breyting á gr. 20.5 vegna tilvísunar í nýjar reglur

20.5 Ávöxtun hvers reikningsárs skal reiknuð út í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. ~~55/2000~~335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

Tilvísun í nýjar reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 sem koma í stað reglna nr. 55/2000.